

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1999

6. september 1999

1755

Nr. 595

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi skólalóðar við Lækjarhlíð, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi skólalóðar við Lækjarhlíð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 18. ágúst 1999.

Breytingin felst í því að útbúinn er byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur á lóð grunnskólans.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 17. mars 1999.

Mosfellsbæ, 6. september 1999.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

7. september 1999

Nr. 596

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 28. apríl 1999.

Breytingin felst í því að byggingarreitir allra parhúsa í hverfinu og einbýlishúsa við Rituhöfða eru rýmkaðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag Höfðahverfis sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 24. júní 1998.

Mosfellsbæ, 7. september 1999.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

9. september 1999

Nr. 597

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Hæðargarðs, ásamt móttökustað fyrir úrgang á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt, þann 6. júní 1999, deiliskipulag af frístundabyggð í landi Hæðargarðs, við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Einnig hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 12. október 1998, samþykkt deiliskipulag á móttökustað fyrir garðaúrgang, urðun á sláturúrgangi og geymslu á brotajárni, á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi.

Skipulög þessi eru nánar tilgreind á uppdráttum sem hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 9. september 1999.

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

I. KAFLI

Bókun rafrænna viðskipta.

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafræn viðskipti: Viðskipti þar sem pöntun, reikningsútgáfa eða greiðslur fara fram með rafrænum hætti.

Rafrænt bókhald: Bókhald, eða sá hluti bókhalds, sem byggist á gögnum og færslum sem eiga uppruna sinn í gagnavinnsluferfum og send eru á milli þeirra með skeytum.

Skeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er samkvæmt ákveðnum stöðlum til gagnaflutnings og mynda fylgiskjölinn í rafrænu bókhaldi.

Gagnaflutningur: Sending skeyta með rafeindaboðum milli gagnavinnslukerfa þar sem skeytið er þannig forsníðið að unnt sé að lesa það í slíku kerfi og vinna sjálfvirkt á rafrænan og ótvíræðan hátt.

Gagnavinnslukerfi: Ein eða fleiri tölvur, fylgitæki og hugbúnaður sem notuð eru til skipulagðra aðgerða á bókhaldsfærslum.

Gagnamiðill: Seguldiskar, segulbönd, geisladiskar og annar sambærilegur búnaður sem á eru settar upplýsingar eða geymir upplýsingar sem vinna má sjálfvirkt í gagnavinnslukerfi.

Gagnadagbók: Skrá á rafrænu formi sem tekur við og geymir bæði send og móttekin skeyti í tímaröð.

Skilyrði.

2. gr.

Þegar fært er rafrænt bókhald skulu auk skriflegra lýsinga á skipulagi bókhaldsins og uppbyggingu í samræmi við 7. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, liggja fyrir skriflegar lýsingar vegna gagnaflutninganna sjálfra og þeirra viðskiptafærslna sem rekja má til þeirra. Lýsingar þessar skulu gefa skýra mynd af öryggi og rekjanleika færslna, hvort sem þær eru í bókhaldskerfinu sjálfu eða sérstöku gagnavinnslukerfi vegna gagnaflutninganna.

Þegar færslur í bókhaldinu eiga rætur að rekja til gagnaflutninga skulu liggja fyrir upplýsingar um það með hvaða hætti þeir aðilar sem stunda slík rafræn viðskipti haga samskiptum sínum, m.a. skráningu í gagnadagbók. Ef aðilar hafa gert samskiptasamninga við gagnaðila sinn vegna gagnaflutninga skulu þeir og liggja fyrir.